

Fundur vegna félagsaðstöðu/félagsmiðstöð fyrir nemendur Sæmundarskóla miðvikudaginn 8. janúar 2020

Mættir:

Nína Kristbjörn Hjaltadóttir	formaður stjórnar foreldraf. Sæmundarskóla
Ágústa Hrönn Gísladóttir	skólaráði Sæmundarskóla
Kristjana Bjarnþórsdóttir	skólaráði Sæmundarskóla
Árni Jónsson	framkvæmdastjóri Ársels
Sigurbjörg Kristjánsdóttir	deildarstjóri unglíngastarfs í Árseli
Hera Jónsdóttir	aðstoðarforstöðumaður Fókuss
Hjörleifur Steinn Þórisson	forstöðumaður Fókuss

Fundarmenn eru þrír foreldrar sem hafa átt börn í Sæmundarskóla í meira en tíu ár og reynslumikið starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar Ársels sem hefur starfað í félagsmiðstöðinni Fjósinu með börnum og unglíngum í Ingunnarskóla og Sæmundarskóla.

### **Punktur um reynslu þessa hóps:**

Börn og unglíngar í Sæmundarskóla eru lítið eða ekkert að sækja félagsmiðstöðina Fókus sem staðsett er við Ingunnarskóla þrátt fyrir margar mismunandi áherslur og breytingar.

Þegar Sæmundarskóli var hannaður var gert ráð fyrir aðstöðu fyrir félagsmiðstöð innan hans en var sú aðstaða nýtt í skólastofur nánast frá upphafi. Aðstaða fyrir félagsmiðstöð er því ekki til staðar í skólahúsnæðinu í dag og er fullreynt að koma henni fyrir í opnum rýmum.

Einnig er fullreynt að samnýta lausar kennslustofur með frístundaheimilinu Fjósinu. Það kemur til vegna þess þjónusta fyrir 6-9 ára börn og 10-16 ára börn/unglíngar er á sömu tímum og að aðstaða frístundaheimilis er ætluð börnum á aldrinum 6 – 9 ára og hentar því illa fyrir unglíngastarf.

Nemendur í Sæmundarskóla þekkja ekki félagsmiðstöðvarmenninguna þ.e. að fara í félagsmiðstöðina í hádeginu eftir skóla til þess að koma saman. Starfsmenn Fókuss merkja þennan mun á nemendum Ingunnarskóla og Sæmundarskóla en nemendur í Ingunnarskóla byrja að sækja Fókus um 10 ára aldur. Þau byrja þá að kynnast starfsfólkinu og alast svo upp í því að koma í Fókus á meðan nemendur í Sæmundarskóla hafa ekki haft aðstöðu til þess nema að litlu leiti. Farið var af stað með tilraunaverkefni í fyrravetur þ.e. vísir að félagsmiðstöð fyrir 10-16 ára krakka í Sæmundarskóla í aðstöðu frístundaheimili Fjóssins. Það gekk ágætlega fyrir 10-12 ára en vegna skorts á húsnæði lauk verkefninu og eldri krakkar misstu áhugann (sjá minnisblað 22. maí 2019).

Krakkar í Sæmundarskóla hafa verið að mælast hærri í áhættuhegðun og hefur sá hópur verið að yngjast samkvæmt könnunum (Rannsókn og greining tímabilið 2015 - 2018).

Foreldrar hafa orðið varir við mikla breytingu á því sem er að gerast í hverfinu á kvöldin, skemmdarverk, sölu á varningi (úr skotti á vespu), slagsmálum, íkveikjum o.fl. og hafa viðbrögð frá lögreglu verið lítil.

Starfsfólk frístundamiðstöðvar metur þörfina mikla á húsnæði fyrir félagsmiðstöð fyrir 10-16 ára börn í Sæmundarskóla. Talið er að það þurfi til brágðabirgða að minnsta kosti tvær kennslustofur fyrir félagsmiðstöð við Sæmundarskóla (10-16 ára börn) og þrjár fyrir frístundaheimilið Fjósið (6-9 ára börn). Þetta eru alls fimm færanlegar kennslustofur til þess að mæta uppsafnaðri þörf fyrir frístundastarf við Sæmundarskóla. Ein færanleg kennslustofa er komin á svæði frístundaheimilis sem á að nýta fyrir unglingastarf í félagsmiðstöð við Sæmundarskóla. Hera Jónsdóttir aðstoðarforstöðumaður í Fókus gerir ráð fyrir að byrja að nýta stofuna í byrjun febrúar og þá aðallega fyrir 10-12 ára krakka í hádeginu, klúbbastarf á daginn og kvöldopnun fyrir unglinga.

Ef ekki verður brugðist hratt við og bætt við húsnæði missum við þessa krakka aftur í burtu sem nú þegar eru byrjuð að sækja félagsmiðstöðina.

Félagsmiðstöðin hefur haft aðgang að íþróttahúsinu í Sæmundarskóla eitt kvöld í viku „sportó“ sem gengur mjög vel og er vel sótt. Ítrekað hefur verið sótt um að fá fleiri kvöld en án árangurs. Þarna er tækifæri og þarna þurfa börnin að vera í forgangi ekki íþróttaiðkun fullorðinna sem dekkar íþróttahúsið.

Starfsfólk félagsmiðstöðvar telur ákjósanlegast að koma upp varanlegri aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina austan megin við Sæmundarskóla sem fyrst.

### **Það sem áður hefur verið gert:**

September 2018

Ályktun send frá meðlimum skólaráðs Sæmundarskóla og fulltrúum í stjórn foreldrafélags Sæmundarskóla

Október 2018

Fundur í Sæmundarskóla með skólaráði, starfsmönnum Fókus og fulltrúum af Skóla og frístundasviði. Árna Jónssyni, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir ætla að taka efni fundarins lengra til sinna manna.

Maí 2019

Minnisblað sent frá starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar Ársels til Soffíu Pálsdóttur varðandi húsnæðismál í frístundaheimilinu Fjósinu og félagsmiðstöðinni Fókus við Sæmundarskóla.

Júní 2019

Haldinn fundur um aðstöðuna þar sem frístundastarf fyrir börn og unglinga var til grundvallar. Fundinn sátu Eygló Friðriksdóttir skólastjóra Sæmundarskóla, Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri fagskrifstofu frístundar á Skóla- og frístundasviði, Soffía Vagnsdóttur skrifstofustjóri fagskrifstofu

grunnskóla á Skóla- og frístundasviði, Árni Jónsson framkvæmdastjóra Ársels, Sigurbjörg Kristjánsdóttir deildarstjóra unglíngastarfs í Árseli, Elísabet Þóra Kristjánsdóttir deildarstjóra barnastarfs í Árseli, Hjörleifur Steinn Þórisson forstöðumaður Fókus, Daníel Benediktsson verkefnistjóri fasteigna- og búnaðarmála á Skóla- og frístundasviði, Karen Rún Helgadóttir forstöðumaður frístundaheimilsins Fjóssins. Á fundinum í Sæmundarskóla var verkefnistjóra fasteigna og búnaðarmála á skóla- og frístundasviði falið í samráði við starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að úrlausn.

Ágúst 2019

Staðfest af verkefnistjóra fasteigna og búnaðarmála á skóla- og frístundasviði að það sé ein laus stofa á leiðinni og er óskað eftir því að hún sé samnýtt með frístundaheimili. Stofan kom þó ekki fyrir en í nóvember og ítrekað er búið að taka fram að samnýting verði mjög erfið vegna árekstur á þjónustutíma.

Nóvember 2019

Fulltrúar foreldra í skólaráði Sæmundarskóla senda tölvupóst á Helga Grímsson til þess að fá stöðu mála.

Nóvember 2019

Helgi Grímsson svarar og leggur til samnýtingu á aðstöðu frístundaheimilis og skóla. Þetta eru svör á skjön við allt það sem fram hefur farið á fundum, ályktunum og bréfum hér á undan.

Nóvember 2019

Ein færanleg kennslustofa sett við aðrar kennslustofur sem tilheyra Fjósinu sem er frístundaheimilið. Þetta húsnæði á að vera fyrir félagsaðstöðu/félagsmiðstöð fyrir unglínga (10-16 ára).

Janúar 2020

Ekki búið að standsetja húsnæðið og taka það í notkun. Lítið samstarf haft við starfsfólk Ársels um hvar og hvernig húsið á að nýtast.

Febrúar 2020

Sendur tölvupóstur til Helga Grímssonar. Ítrekun um ákall um úrbætur.

Tillaga að lausn til bráðabirgða:

Talið er að það þurfi til bráðabirgða að minnsta kosti tvær kennslustofur fyrir félagsmiðstöð við Sæmundarskóla (10-16 ára börn) og þrjár fyrir frístundaheimilið Fjósið (6-9 ára börn). Þetta eru alls fimm færanlegar kennslustofur til þess að mæta uppsafnaðri þörf fyrir frístundastarf við Sæmundarskóla. ATH. Í vinnslu er uppsetning á einungis einni færanlegri kennslustofu.

Tillaga að framtíðarlausn:

Starfsfólk félagsmiðstöðvar telur ákjósanlegast að koma upp varanlegri aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina austan megin við Sæmundarskóla sem fyrst. Sú hugmynd er ekki nýtilkomin og nauðsynlegt að fá að vita hvort hún er uppi á borðinu eða ekki?

Óskum við eftir svörum við þessum tillögum og ákalli um úrbætur, fyrir næsta fund í skólaráði Sæmundarskóla þann 18.2.2020.

Maí 2020

| Send önnur ítrekun til Helga Grímssonar – komin ein kennslustofa

[nina.kristbjorg@gmail.com](mailto:nina.kristbjorg@gmail.com)

[agustahronn@gmail.com](mailto:agustahronn@gmail.com)

[kristjanabi@internet.is](mailto:kristjanabi@internet.is)

[arnij@rvkfri.is](mailto:arnij@rvkfri.is)

[sibba@rvkfri.is](mailto:sibba@rvkfri.is)

[Hjorleifur.Steinn.Thorisson@rvkfri.is](mailto:Hjorleifur.Steinn.Thorisson@rvkfri.is)

[hera.jonsdottir@rvkfri.is](mailto:hera.jonsdottir@rvkfri.is)